

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Arnarfirði



| | | | |
|---------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 13.6.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Fyrirtæki | Arnarlax ehf. | Eftirlitsmaður | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Heimili | Strandgötu 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 580310-0600 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Silja Baldvinsdóttir | ÍSAT nr. | 03.21.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti: 1) Rekstraraðili fór yfir leyfilegan hámarkslífmassa á hverjum tíma, í ágúst 10.204 tonn og september 11.168 tonn, samkvæmt starfsleyfi þá má rekstraraðili ekki fara yfir 10.000 tonn á hverjum tíma. 2) Upplýsingaskyldu rekstraraðila. 3) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26. júní sl. 4) Undirrituðu grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 6. maí sl.

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn og nær það til þriggja sjókvíaeldissvæða í Arnarfirði. Sjókvíaeldi A samanstendur af eldissvæðunum Haganesi og Steinanesi, sjókvíaeldi B samanstendur af eldissvæðum við Tjaldaneseyyrar og Hlaðsbót, sjókvíaeldi C samanstendur af eldissvæðum við Hringsdal og Kirkjuból. Starfsleyfið gildir til 15. febrúar 2032.

Eftirlitið fór fram 13. júní sl. rafrænn fundur var haldinn 23. ágúst sl. þar sem farið var yfir eftirliti og viðeigandi gögn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu 2023 er varða tilkynningu um útsetningu seiða, skila á ársyfirliti og grænu bókhaldi og ein ábending var gerð er varðar tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Heildarframleiðsla ársins 2023 var 13.426.467 kg. Leyfilegur heildarlífmassi á hverjum tíma er 10.000 tonn, rekstraraðili fór yfir leyfileg framleiðslumörk í starfsleyfi í ágúst 10.204 tonn og í september 11.168 tonn. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning vegna þess. Losun á fosfóri var 6,7 kg P/tonn en hámarkslosun var innan leyfilegra losunar starfsleyfis sem er 10,0 kg P/tonn á ári.

Skráningar skv. gr 4.1 í starfsleyfi voru í lagi. 186,5 tonn af Slice fóðri fyrir aflúsun var notað og 108,7 lítrar af lúsalyfinu Salmosan.

Undirrituðu grænu bókhaldi var skilað inn 6. maí sl. og ársyfirlitinu var skilað inn 26. júní sl. Minnt var á að skila þeim inn fyrir 1. maí ár hvert.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 6,7 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi. Skv. mælingum úr ársskýrslu vegna vöktunar fyrir árið 2023 frá Akvaplan

niva þá gefa niðurstöður til kynna röskun á botndýralífi á stöð C1 í Tjaldnesi, vísitengund um burstorma greinist í sýnum C1 og C3. Kopar gildi á stöð næst C1 mældist 65,5 mg/kg sem fellur í umhverfismörk II “ lág gildi “ samkvæmt viðmiðum í reglugerð 769:1999.

5. Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

6. Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma í Arnarfirði, fiskur var í öllum kvíum. Skipið Ronja Strand var við lúsarböðun í Haganesi.

7. Um borð í þrómmunum voru efni geymd á lekabyttum og meltugeymir vel merktur.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|--|---|
| Gr. 1.2 í starfsleyfi. | Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn. Hámarkslífmassi fór yfir 10.000 tonn tvisvar sinnum, fyrst í ágúst 10.204 tonn og svo í september 11.168 tonn. |
| 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir | Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning að farið var yfir hámarkslífmassa. |
| Gr. 4.4 í starfsleyfi. | Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 26. júní 2024 og telst því frávikin lokað. |
| Gr. 4.5 í starfsleyfi. | Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Undirrituðu grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 6. maí 2024 og telst því frávikin lokað. |

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2024

Auður Eyberg Helgadóttir

bls. 4

